

ÁRNI DANÍEL JÚLÍUSSON

Voru fornbylin hjáleigur?

Útbreiðsla og staða hjáleigna á miðöldum

Í þessari grein er fjallað um fornbyli sem skráð eru í Jarðabók Árna og Páls, fjölda þeirra, stöðu og aldur. Tekist er á við það vandamál að tengja þá þekkingu sem sagnfræði og fornleifafræði hafa fram að færa á fornum eyðibýlum. Í sagnfræði er gert ráð fyrir því að fólksfjölgun hafi orðið á miðöldum allt fram að Svartadauða og að hjáleigur hafi komið fram þegar á tólftu öld og fjölgað fram til 1402. Hins vegar hefur ekki verið spurt hvort fornu eyðibýlin í Jarðabók Árna og Páls gætu hafa verið hjáleignar sem fjölgaði svo mikið að tólftu til fjórtándu öld. Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls voru sveitahjáleigur að flestu leyti svipaðar lögbýlum hvað varðaði áhöfn húsdýra og fjölskyldugerð, nema að hjáleigur voru minni en lögbýli. Spurningin er hvort sama var uppi á teningnum á miðöldum.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns¹ er að finna skráningu á fornum eyðibýlum, þá fyrstu sem þekkt er á Íslandi. Þessi skráning hefur lítið verið rannsökuð, og ástæða er því til að skoða hana betur. Markmið þessarar rannsóknar á fornum eyðibýlum er að meta umfang byggðar sem fór í eyði fyrir 1500 og tímasetja upphaf hennar, framvindu og eyðingu eftir því sem kostur er. Þá er mikilvægt að reyna að átta sig á eðli þessarar byggðar, hvers konar býli var um að ræða. Voru þetta framleigð býli af svipuðu tagi og síðari tíma hjáleigur, eða ef til vill einhver önnur tegund býla sem svo hvarf úr sögunni? Hvert er sambengi fornnar eyðibygðar og síðari tíma byggðar? Allar þessar spurningar eru viðfangsefnið í þessari grein. Auk heimilda úr Jarðabók verður hér stuðst við skrán-

Höfundur vill þakka þeim Elínu Ósk Hreiðarsdóttur og Gylfa Birni Helgasyni fornleifafræðingum fyrir að lesa greinina yfir þegar hún var í vinnslu, gefa góð ráð og benda á sitthvað sem betur mátti fara.

1 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns I–XIII* (Kaupmannahöfn: Hið íslenszka fræðafelag, 1980–1990).

ingu og rannsóknir á fornleifum sem fram hafa farið á undanförmum áratugum.²

Fornleifaskráning tekur til allra leifa af eyðibýlum á skráningar-

- 2 Guðrún Sveinbjarnardóttir, *Farm Abandonment in Medieval and Post Medieval Iceland: An Interdisciplinary Study* (Oxford: Oxbow Books, 1992); Vef. Guðný Zoëga, „Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar I – byggðasöguleg fornleifarannsókn,” glaumbaer.is. Byggðasafn Skagfirðinga – Rannsóknarskýrslur, maí 2007, sótt 1. október 2024; Vef. Guðný Zoëga og Hjalti Pálsson, „Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar II – byggðasögurannsókn,” glaumbaer.is. Byggðasafn Skagfirðinga – Rannsóknarskýrslur, 2008, sótt 1. október 2024; Vef. Guðný Zoëga, Hjalti Pálsson og Kári Gunnarsson, „Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar III – byggðasögurannsókn,” glaumbaer.is. Byggðasafn Skagfirðinga – Rannsóknarskýrslur, 2009, sótt 1. október 2024; Vef. Guðný Zoëga, „Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar IV – byggðasögurannsókn,” glaumbaer.is. Byggðasafn Skagfirðinga – Rannsóknarskýrslur, 2011, sótt 1. október 2024; Vef. Guðný Zoëga, „Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar V – byggðasögurannsókn,” glaumbaer.is. Byggðasafn Skagfirðinga – Rannsóknarskýrslur, 2012, sótt 1. október 2024; Vef. Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, „Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar VI – byggðasögurannsókn,” glaumbaer.is. Byggðasafn Skagfirðinga – Rannsóknarskýrslur, 2013, sótt 1. október 2024; Vef. Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, „Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar VII – byggðasögurannsókn,” glaumbaer.is. Byggðasafn Skagfirðinga – Rannsóknarskýrslur, 2013, sótt 1. október 2024; Vef. Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga, „Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar IX – byggðasögurannsókn,” glaumbaer.is. Byggðasafn Skagfirðinga – Rannsóknarskýrslur, 2016, sótt 1. október 2024; Vef. Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga, „Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar X – byggðasögurannsókn,” glaumbaer.is. Byggðasafn Skagfirðinga – Rannsóknarskýrslur, 2017, sótt 1. október 2024; Vef. Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga, „Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar XI – byggðasögurannsókn,” glaumbaer.is. Byggðasafn Skagfirðinga – Rannsóknarskýrslur, 2018, sótt 1. október 2024; Vef. Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga, „Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar XII – byggðasögurannsókn,” glaumbaer.is. Byggðasafn Skagfirðinga – Rannsóknarskýrslur, 2019, sótt 1. október 2024; Vef. Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, „Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar XIII – byggðasögurannsókn,” glaumbaer.is. Byggðasafn Skagfirðinga – Rannsóknarskýrslur, 2019, sótt 1. október 2024; *Power, Wealth and Plague in Two Valleys: Field report of 2021, Work Packages 1 & 2*, ritstj. Elín Ósk Hreiðarsdóttir (Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2022); Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir, *Fornleifarannsóknir í Svarfaðardal 2020: Könnunarskurðir vegna undirbúnings verkefnisins Tveir dalir* (Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2023).

svæðunum.³ Slík skráning hefur verið unnin fyrir ýmis svæði, til dæmis nær allan Eyjafjörð, mikinn hluta Suðurlandsundirlendisins og svo framvegis. Ætlunin er að bera saman heimildir um forn eyðibýli í Jarðabókinni og skráningu eyðibýla með nútímalegum aðferðum. Þá hafa rannsóknir á fornum eyðibýlum farið vaxandi. Svæðarannsóknir með rannsóknum á tímasetningu búseturústa hafa verið sérstaklega öflugar í Skagafirði, en hafa einnig verið gerðar í Eyjafirði, Suður-Þingeyjarsýslu og Þistilfirði.⁴ Þær rannsóknir gefa hugmynd um framvindu uppbyggingar eyðibýla.

Rannsóknir á hjáleigum

Hjáleigur koma fyrst fram á sjónarsviðið í ritheimildum um byggð og búsetulandslag í Manntalinu 1703 og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1702–1714. Skráning þessara tveggja heimilda er bæði umfangsmikil og nákvæm. Í Jarðabókinni kemur fram að meira en helmingur hjáleigna hafði farið í eyði í harðindum og hungursneyð síðast á sautjándu öld. Þar kemur einnig fram að stór hluti hjáleigna var mjög svipaður lögbýlum að því leyti að þar voru kýr, kindur og hestar, og búskapur sem sá fjölskyldum fyrir framfæri. Jarðabókin lá lengst af óprentuð í handriti og varð fyrst aðgengileg fræðimönnum um miðja tuttugustu öld þegar lokið var við að gefa hana út.

Rannsóknir á byggðarsögu hófust á tuttugustu öld, þar með taldar rannsóknir á hjáleigum. Ólafur Lárusson reið á vaðið með rannsóknir á hjáleigum og kom fram með skilgreiningu á þeim. „Hjáleigurnar ... eru leigulönd, sem leigð eru „hjá“, þ.e. út úr öðru býli“.⁵ Ólafur taldi að hjáleigubbyggðin hefði að mestu verið upprunnin á fjórtándu öld og tengst fjölgun kúgildaleigna.⁶ Þá benti

3 Í fornleifaskráningu er getið allra leifa af býlum sem farin eru í eyði og vitað er um, og einnig er þess getið þegar ritheimildir fjalla um býli sem farin eru í eyði en engar leifar sjást eða finnast af. Í nýrri fornleifaskýrslum er oft gerð grein fyrir aldri rústanna eftir tiltækum gögnum, eða að aldur einhverra þeirra hefur komið í ljós í rannsóknum, til dæmis í Skagafirði og Eyjafirði.

4 Árni Daníel Júlíusson, „Á eyðibýlum norðanlands. Um byggðapróun í þremur héruðum norðanlands á miðöldum,“ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 110 (2021): 43–79.

5 Ólafur Lárusson, „Úr byggðarsögu Íslands“, *Byggð og saga* (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1944), 37.

6 Sama heimild, 36–58.

hann á að þegar „hjáleigurnar byggðust, hefir því komið til nýrrar skiptingar á jörðunum, og hennar all-störfenglegrar.“ Ólafur vitnar ekki í nein miðaldaskjöl máli sínu til stuðnings, en ályktar út frá síðari tíma heimildum, hjáleignaskrám í Jarðatali Johnsens og Jarða-bók Árna og Páls.

Magnús Már Lárusson taldi meðal annars að hjáleigur hefðu aukið afrakstur af lögbýlum með því að fleiri ábúendur unnu á jörðinni. Hann benti á að getið væri um hjábúðarmenn í skjali frá 1220, sem fjallaði um Saurbæ á Kjalarnesi, og væri það elsta heimild um hjáleigur. Hann taldi að hjáleigubýggðin væri enn eldri en það og benti á ákvæði í Grágás um búðsetufólk.⁷ Ákvæðið á hins vegar við um búðsetufólk sem ekki hafði kvikfé.⁸

Björn Teitsson og Magnús Stefánsson fjölluðu um hjáleigur í rannsóknayfirliti sínu um byggðarsögu frá 1972. Þeir töldu eins og Ólafur að hjáleigur hefðu verið býli, sem framleigð voru úr lögbýlum. Mat þeirra á stöðu hjáleigubænda var eftirfarandi: „Hjáleigubóndinn var á þann hátt háður bóndanum á aðaljörðinni, lögbýlinu, að sá síðarnefndi virðist yfirleitt hafa leigt honum, jafnvel þótt aðalbóndinn væri iðulega sjálfur líka leiguliði. Í reynd var venjulega ekki mikill munur á þjóðfélagslegri stöðu hjáleigubænda og annarra leigjenda, áttthagafjötr þekktust ekki ...“⁹ Þeir Björn Teitsson og Magnús Stefánsson komust einnig að þeirri niðurstöðu að hæpið væri að gera ráð fyrir teljandi hjáleigubýggð utan verstöðva á fimmtánda öld. Þá voru þeir á því að veruleg „hjáleigubýggð hafi naumast getað komið upp nema sem afleiðing af fólksfjölgun.“¹⁰

Björn Þorsteinsson taldi að hjáleigubýggðin hefði byrjað á stöðum á tólftu öld en aukist mjög á síðari hluta þrettánda aldar. Hann áleit eins og Björn Teitsson og Magnús Stefánsson að hjáleigufjölgun og aukinn fólksfjöldi (hækkað „fólksfjöldahámark“) hefði haldist í hendur.¹¹ Helgi Þorláksson tók upp þráðinn frá Ólafi Lárusyni og

7 Magnús Már Lárusson, „Jordejendom. Island,“ í *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid Bind VII*, ritstj. Jakob Benediktsson, Magnús Már Lárusson (Reykjavík: Bókaverslun Ísafoldar, 1962), 676–677.

8 Grágás. *Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason sáu um útgáfuna (Reykjavík: Mál og menning, 1997), 104.

9 Björn Teitsson og Magnús Stefánsson, „Um rannsóknir á íslenskri byggðarsögu tímabilsins fyrir 1700,“ *Saga* 10 (1972): 134–178, hér 135.

10 Sama heimild, 177.

11 Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga* (Reykjavík: Sögufélag, 1978), 208, 227–238.

benti á að aukin fiskveiði hefði kallað á aukna smjörframleiðslu sem hefði leitt til fjölgunar kúgildaleigna og þar með hjáleigna.

Höfundur þessarar greinar athugaði miðaldaheimildir um hjáleigur og fann mörg dæmi um þær.¹² Dæmin eru flest frá Þingeyjar-sýslu en þau eru víðar af landinu, flest frá Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Allt að 60 dæmi um hjáleigur fundust. Dreifing þessara dæma var þó allt önnur en í heimildum frá upphafi átjándu aldar, þar sem flestar hjáleigur voru sunnan- og vestanlands. Grundvöllur þessarar athugunar var yfirferð yfir heimildir um byggð frá fjórtándu öld og endurgerð á sóknum frá þeim tíma, jafnframt því sem fjöldi lögbýla í hverri sókn var áætlaður.¹³

Rannsóknarhópur um heimildir frá upphafi átjándu aldar hefur bent á atriði sem eldri fræðimenn hafa ekki bent á, það er að mikilvægt sé að gera greinarmun á sveitahjáleigum og strandbyggðarhjáleigum. Fyrri tegundin var svipuð lögbýlum að búnaði og lifnaðarháttum en „jarðirnar voru minni og efnin því minni.“¹⁴ Strandbyggðarhjáleigur höfðu einn kýrfóðursvöll og eitt eða tvö leigukúgildi.¹⁵

Sá siður að bændur framleigi land undir önnur býli úr landi sínu virðist ekki hafa tíðkast á Norðurlöndum á miðöldum eða síðar og var raunar bannaður, til dæmis í Danmörku.¹⁶ Hins vegar tíðkaðist slík framleiga í Englandi á miðöldum og kallaðist þar „subtenancy“. Dæmi eru um talsvert umfangsmikla hjáleigubýggð af því tagi frá miðöldum.¹⁷

12 Árni Daníel Júlíusson, *Af hverju strái. Saga af byggð, grasi og bændum 1300–1700* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2018), 103.

13 *Lbs.-Hbs.* (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn) Árni Daníel Júlíusson, „Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund.“ Doktorsritgerð í sagnfræði við Københavns Universitet 1997, 463–511. Þess má geta að svipaða rannsókn er að finna hjá Björk Ingimundardóttur í bók hennar *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* (Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, 2019).

14 Guðmundur Jónsson, „„Hinn lægri lýður“ smábænda og sjómanna,“ í *Ástand Íslands um 1700. Lífshættir í bændasamfélagi*, ritstj. Guðmundur Jónsson (Reykjavík: Sögufélag, 2024), 351–375, hér 358, 355–360.

15 Sama heimild, 355.

16 L. V. Bircck, *Rigets jordegods og regalerne. Bidrag til vort fædrelands finanshistorie* (København: G.E.C. Gads Forlag, 1918), 11.

17 Christopher Dyer, *Peasants Making History: Living in an English Region 1200–1540* (Oxford: Oxford Academic, 2022), 55–57, 71.

Forsendur fyrir mati á fólksfjöldaþróun

Þeir Þorkell Jóhannesson, Ólafur Lárusson, Arnór Sigurjónsson og Jón Steffensen gerðu ráð fyrir því að allt nýtilegt land hefði verið tekið til búskapar um 1100 eða jafnvel fyrr.¹⁸ Það mat stenst ekki. Ástæðan er sú að mun meira svigrúm var í gróðurlendi landsins en svo að sú byggð sem fræðimenn hafa gert ráð fyrir um 1100 hefði getað nýtt það.¹⁹ Þetta mat verður því að endurskoða og það gefur nýjar forsendur fyrir ályktanir um útþenslu byggðar á tólftu til fjórtándu öld.

Í nágrannalöndunum er gert ráð fyrir verulegri fólksfjölgun frá víkingaöld og fram að Svartadauða. Í Noregi er þróun byggðar höfð til marks um þessa fjölgun. Bæjarnöfn og staðsetning byggðar þykir benda til þess að stöðug fólksfjölgun hafi verið frá 800 til 1350.²⁰ Svipaðar hugmyndir komu upp á árunum 1980–1990 hér á landi. Talið var koma til mála að svipað hefði gilt um þróunina á Íslandi frá landnámi 877 til Svartadauða 1402 og í Noregi frá 800–1350.²¹

Hins vegar hefur nokkuð vantað á að skýra hvernig og hversu mikið byggð óx við fólksfjölgun á miðöldum hér á landi. Sú hugmynd að fjölgun hjáleigna og fólksfjölgun hafi haldist í hendur kom þó fram um 1980 og virðist eiga við talsverð rök að styðjast. Einnig virðist mat á fólksfækkun eftir Svartadauða ekki hafa verið unnið með tilliti til þróunar á byggð á hjáleigum.

Hjáleigur árnýaldar

Þeir Björn Teitsson og Magnús Stefánsson telja að „hjáleigubbyggð, a.m.k. eftir siðaskipti, hafi náð hámarki kringum 1680.“ Því er ekki

18 Nánar er fjallað um þetta í Árni Daníel Júlíusson, *Af hverju strái*, 118–131.

19 Um gildi nútímamælinga á gróðurlendi fyrir mat á útbreiðslu gróðurlendis fyrr á tímum sjá Ingibjörg Jónsdóttir og Óskar Guðlaugsson, „Byggð og búsvæði,“ í *Ástand Íslands um 1700. Lífshættir í bændasamfélagi*, ritstj. Guðmundur Jónsson (Reykjavík: Sögufélag, 2024), 145–167, hér 149–150.

20 Ingvild Øye, *Landbruk under press. Norges Landbrukshistorie I 4000 f.Kr.–1350 e.Kr.* (Oslo: Det Norske Samlaget, 2002), 231–253; Knut Helle, *Under kirke og kongemakt 1130–1350. Bind 3, Aschehougs Norgeshistorie* (Oslo: H. Aschehoug & Co., 1995), 80–84.

21 Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga*, 119; Helgi Þorláksson, *Vaðmál og verðlag: Vaðmál í utanlandsviðskiptum og búskap Íslendinga á 13. og 14. öld* (Reykjavík: höfundur, 1992), 439–450.

úr vegi að athuga hér í upphafi hvert var umfang hjáleigubbyggðar um það leyti. Í Jarðabókinni er talað bæði um hjáleigur í byggð og hjáleigur sem nýlega voru komnar í eyði (að mestu leyti vegna hungursneyðarinnar 1696–1701,²² en einnig eldri hallæra á sautjándu öld svo sem um 1675). Til að mynda voru 23 hjáleigur í byggð í Borgarfjarðarsýslu árið 1705 og 38 í eyði. Í Húnavatnssýslu voru 17 hjáleigur í byggð en hvorki fleiri né færri en 96 nýlega farnar í eyði árið 1705. Flestar hjáleigur í Skagafirði voru þá í eyði, 99 að tölu, en 18 í byggð. Á töflu 8 má sjá hjáleigubbyggð um 1705. Um helmingur allra hjáleigna sem við lýði var fyrir 1675 var því kominn í eyði um 1705.

Félagsleg staða bænda á sveitahjáleigum árnýaldar var eins og áður er nefnt svipuð stöðu bænda á lögbýlum, nema að hjáleigur

Tafla 1. *Hjáleigur í Jarðabók Árna og Páls eftir sýslum, í byggð og í eyði*

Sýsla	Sautjándu aldar hjáleigur í eyði, 1705	Hjáleigur í byggð, 1705	Alls
Rangárvallasýsla	83	145	228
Árnessýsla	127	209	336
Gullbringu- og Kjósarsýsla	89	273	362
Borgarfjarðarsýsla	38	23	61
Mýrasýsla	48	10	58
Snæfells- og Hnappadalssýsla	33	23	56
Dalasýsla	28	28	56
Barðastrandarsýsla	29	2	33
Ísafjarðarsýsla	6	31	37
Strandasýsla	30	5	35
Húnavatnssýsla	96	17	113
Skagafjarðarsýsla	99	18	117
Eyjafjarðarsýsla	67	29	96
Þingeyjarsýsla	112	61	173
Alls	885	874	1761

Heimild: *Jarðabók Árna og Páls; Manntal á Íslandi 1703.*

22 Ekki er hér svigrúm til að greina nánar áhrif hungursneyðarinnar 1696–1701 á byggð, bæði hjáleigubbyggð og aðra byggð, þótt hér liggi fyrir gögn um áhrif á hjáleigubbyggð í einstökum sýslum. Almenn umfjöllun um hungursneyðina er í Sigríður Hjördís Jörundsdóttir, „Samfélag í uppnámi: Harðindin um 1700 og áhrif þeirra,“ í *Ástand Íslands um 1700. Lífshættir í bændasamfélagi*, ritstj. Guðmundur Jónsson (Reykjavík: Sögufélag, 2024), 71–101.

höfðu yfirleitt minna land og minni bústofn. Greining á samhengi íbúafjölda og fjölda húsdýra sem gerð var á sveitabýlum Staðar-sveitar og Akrahrepps sýnir að beint samband var á milli fjölda barna á býlinu og fjölda húsdýra. Þeim mun færri börn í fjölskyldu, þeim mun líklegri var að viðkomandi fjölskylda væri búandi á hjáleigu. Eftir því sem börnum fjölgaði varð líklegri að fjölskyldan byggi á lögbyli. Líklega bjuggu fjölskyldur oft á hjáleigum í upphafi en fluttu sig svo yfir á lögbyli þegar börnum fjölgaði.²³

Útbreiðsla eyðibýla í Jarðabók og nútíma fornleifaskýrslum

Hér verður rýnt í útbreiðslu eyðibýla hér á landi með því að skoða heimildir um forn eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1702 og bera saman við fornleifaskráningu eyðibýla á nokkrum svæðum. Í Jarðabókinni er að finna fyrstu drög að skráningu eyðibýla hér á landi. Þar eru allar þær eyðibýlarústir sem menn þekktu taldar upp og þeim lýst með ýmsum hætti. Yfirleitt var um að ræða rústir af býlum, túngarð og tóftir þar sem ekki var vitað um byggð í manna minnum. Víða er enn í dag hægt að sjá þessar rústir, svo sem á þeim svarfdælsku fornbylum sem fjallað er um hér að aftan í kafla um stöðu eyðibýla frá miðöldum.²⁴

Orðanotkun Jarðabókarinnar er nokkuð skipuleg. Oftast er talað um forn eyðibýli, en þó stundum um forn eyðiból, girðingar með tóftarústum eða þá að enn annað orðalag er notað, og mjög oft er þess getið hvort leifar af túngörðum og tóftir séu til staðar. Þegar talað er um „forn eyðibýli“ í framhaldinu er vísað beint í þessa orðanotkun Jarðabókarinnar. Þá er skýr munur í Jarðabókinni á þessari tegund eyðibýla annars vegar, þ.e. „fornum eyðibýlum“, og eyðibýlum frá sautjándu öld hins vegar. Fjölmargar hjáleigur og einstaka lögbyli fóru í eyði á harðindatímabilinu 1675–1701 (sjá töflu 1).

Fjöldi fornra eyðibýla skráður í Jarðabókinni er einna mestur á Norðurlandi, en hann er líka verulegur á Vestfjörðum og Vesturlandi. Hlutfallslega færri forn eyðibýli voru skráð sunnan til á landinu. Erfitt er að átta sig á því hvernig stendur á þessum mun. Túna-sléttanir með tilheyrandi eyðingu fornra búsetuminja voru ekki

²³ Árni Daníel Júlíusson, *Af hverju strái*, 219–225.

²⁴ Einnig skal bent á þær fornleifaskýrslur sem unnið er með í þessari grein. Þar má finna kort og myndir sem sýna slík mannvirki. Þær eru aðgengilegar á vef Minjastofnunar.

hafnar á tíma jarðabókarinnar, svo það getur ekki verið skýringin. Vera má að rústir hafi verið skýrari og sést betur í landslaginu norðanlands af einhverjum orsökum.

Á töflu 2 má sjá fjölda skráðra fornra eyðibýla í Jarðabókinni, ásamt fjölda lögbýla í lok sautjándu aldar til viðmiðs. Jarðabókin nær ekki til Skaftafells- og Múlasýslna og erfitt er að fylla það skarð hvað varðar skráningu fornra eyðibýla á átjándu öld.

Tafla 2. Fjöldi fornra eyðibýla skráð í Jarðabók Árna og Páls eftir sýslum

Sýsla	Forn eyðibýli	Lögbýli 1703	Hlutfall lögbýli/eyðibýli
Rangárvallasýsla	35	270	7,7
Árnessýsla	48	347	7,2
Gullbringu- og Kjósarsýsla	34	214	6,3
Borgarfjarðarsýsla	27	201	7,4
Mýrasýsla	26	155	6,0
Snæfells- og Hnappadalssýsla	24	252	10,5
Dalasýsla	39	173	4,4
Barðastrandarsýsla	37	170	4,6
Ísafjarðarsýsla	103	251	2,4
Strandasýsla	48	114	2,4
Húnavatnssýsla	91	320	3,5
Skagafjarðarsýsla	113	328	2,9
Eyjafjarðarsýsla	89	328	3,7
Þingeyjarsýsla	152	315	2,1
Alls	866	3438	4,0

Heimildir: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns; Manntal á Íslandi 1703.

Hvað hefur fornleifaskráningin að segja um fjölda eyðibýla? Í Skriðuhreppi, Hvammshreppi og Svarfaðardalshreppi í Eyjafirði eru samanlagt talin upp 47 forn eyðibýli í Jarðabókinni. Á sama svæði bættust við 33 eyðibýli í fornleifaskráningu sem fram fór á árunum 1999 til 2008, þannig að alls eru eyðibýlin 80.²⁵ Hér er átt við öll býli þar sem ekki er vitað um neina byggð á síðari öldum, eftir 1500. Sum þessara eyðibýla eru frá mjög gamalli tíð, fóru í eyði fyrir 1104, en mun fleiri eru frá því eftir 1104.²⁶ Í Kelduhverfi í

25 Árni Daniel Júlíusson, „Á eyðibýlum norðanlands“, 70.
26 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, ritstj., *Power Wealth and Plague in Two Valleys: Field report of 2021, work packages 1 & 2* (Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2022); Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Lilja

Pingeyjarsýslu eru 29 forn eyðibýli nefnd í Jarðabókinni en í fornleifaskráningu fyrir sama svæði bætast við hvorki fleiri né færri en 46 önnur eyðibýli, og þau voru þá alls 75 í Kelduhverfi. Ekkert þeirra virðist hafa verið í byggð á síðari öldum.²⁷ Þetta táknar að skráning Jarðabókarinnar á eyðibýlum er aðeins hluti af öllum eyðibýlum þar sem ekki er getið um byggð í ritheimildum síðari alda. Allt að $\frac{2}{3}$ af öllum eyðibýlum sem koma fram í nútíma fornleifaskráningu er að engu getið í skráningu Jarðabókarinnar. Spurningin vaknar þá um af hverju fleiri forn eyðibýli eru ekki nefnd í Jarðabókinni. Líklegt er að heimildarmenn Jarðabókarinnar hafi einfaldlega ekki vitað af fleiri eyðibýlum en nefnd eru, eða jafnvel ekki viljað telja þau fram vegna hættu á því að konungur færi að krefjast þess að þau yrðu byggð upp.

Forvitnilegt er að skoða mynstrið í skráningu fornra eyðibýla eftir hreppum. Á Suðurlandi er stundum alls ekkert fornbyli skráð í hreppnum samkvæmt Jarðabókinni, til að mynda víða í Flóanum og í Landeyjum. Í hliðstæðum hreppum norðanlands, hreppum með mikinn búskap, með margar og hátt metnar jarðir, er mikill fjöldi fornra eyðibýla skráður í Jarðabók Árna og Páls. Dæmi um þetta er til dæmis að finna í Skriðuhreppi í Eyjafirði og Akrahreppi í Skagafirði (sjá töflu 3 með dæmum um þetta).

Hlutfallið í skráningu Jarðabókarinnar í Rangárvallahreppunum fimm er eitt fornt eyðibýli móti hverjum átta lögbýlum, í Árnes-

Laufey Davíðsdóttir, *Fornleifarannsóknir í Svarfaðardal 2020: Könnunarskurðir vegna undirbúnings verkefnisins Tveir dalir* (Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2023). Í nýlegri rannsókn Byggðasafns Skagfirðinga í Sléttuhlíð og Fljótum eru býli komin úr byggð fyrir 1104 átta talsins, á meðan býli sem byggðust eftir 1104 eru 45 talsins. Vef. Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga, „Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar IX – byggðasögurannsókn“; Vef. Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga, „Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar X – byggðasögurannsókn“; Vef. Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga, „Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar XI – byggðasögurannsókn“; Vef. Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga, „Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar XII – byggðasögurannsókn“; Vef. Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, „Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar XIII – byggðasögurannsókn“.

27 Stefán Ólafsson o.fl., *Fornleifaskráning í Kelduneshreppi I og II* (Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2008). Sjá einnig *Lbs. – Hbs.* Stefán Ólafsson, „Smávegis um rústaþyrpingar í Kelduhverfi,“ MA-ritgerð í fornleifafræði við Háskóla Íslands 2012.

VORU FORNBÝLIN HJÁLEIGUR?

121

Tafla 3. *Dæmi um fjölda fornþýla í nokkrum hreppum skv. JÁP*

Hreppur	Fjöldi fornþýla	Fjöldi lögbýla 1703
Eyjafjallahreppur	6	44
Austur-Landeyjar	0	25
Vestur-Landeyjar	0	26
Fljótshlíð	6	27
Hvolhreppur	6	21
5 hreppar í Rang.	18	143
Villingaholtshreppur	0	22
Hraungerðishreppur	2	27
Gaulverjabæjarhreppur	5	25
Stokkseyrarhreppur	0	20
Sandvíkurhreppur	2	14
5 hreppar í Árn.	9	108
Rípurhreppur	9	13
Staðarhreppur	12	45
Lýtingsstaðahreppur	13	42
Akrahreppur	30	47
Viðvíkurhreppur	9	17
5 hreppar í Skag.	73	164
Svarfaðardalshreppur	18	80
Skriðuhreppur	17	44
Glæsibæjarhreppur	1	39
Hrafnagilshreppur	10	25
Saurbæjarhreppur	18	46
5 hreppar í Eyjaf.	64	234

Heimildir: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns; Manntal á Íslandi 1703.*

sýsluhreppunum eitt á móti 13, í Skagafjarðarhreppum eitt fornt eyðibýli á móti hverjum tveimur lögbýlum og í Eyjafjarðarhreppunum eitt á móti fjórum.

*Fornleifaskráning eyðibýla sunnan-,
vestan- og austanlands*

Á nokkrum svæðum hérlandis (auk Eyjafjarðarsýslu og Keldu- hverfis) er til heildstæð skráning fornleifa fyrir afmarkaða hreppa. Þessi skráning verður hér notuð til að meta fjölda fornra eyðibýla samkvæmt Jarðabókinni og fjölda eyðibýla samkvæmt fornleifa- skráningu. Þessi svæði gefa góða mynd af því hver er fjöldi býla af þessu tagi, hver varðveisla á túngörðum og tóftum frá miðöldum er

eftir svæðum, sem og varðveisluskilyrðum og möguleikum framtíðarrannsókna.

Skoðum fyrst tvo hreppa í Árnessýslu, Villingaholtshrepp og Hraungerðishrepp í Flóa. Villingaholtshreppur og Hraungerðishreppur hafa verið fornleifaskráðir að fullu. Þeir eru nú hluti Flóahrepps. Á töflu 3 sést að í þessum hreppum voru aðeins skráð tvö forn eyðibýli í Jarðabókinni, bæði í Hraungerðishreppi.

Í fornleifaskráningu Flóahrepps (frá 2010–2014) kemur fram að alls eru í Hraungerðishreppi skráðar leifar 15 mögulegra eyðibýla þar sem engar heimildir eru um byggð á síðari öldum (eftir 1500). Á mörgum þeirra er að finna minjar af ýmsu tagi, aðallega bæjarhóla með tóftum, en garðlög eru sjaldgæf. Sums staðar hafa rústahólarir verið jafnaðir út vegna túnasléttunar, en vitað hvar þeir voru. Af þessum fimmtán býlum eru fjögur nafnlaus og staðsetning fimm býla er nú týnd.²⁸ Þau tvö eyðibýli þar sem ekki er getið um byggð í ritheimildum síðari alda og er getið í Hraungerðishreppi í Jarðabókinni eru Kot í landi Hraungerðis og er þess getið að þar séu greinilegar leifar,²⁹ og eyðibýlið Mörk í landi Hjálmholts.

Í Villingaholtshreppi er ekki getið um nein forn eyðibýli í Jarðabókinni. Þar er hins vegar samkvæmt fornleifaskráningu að finna ekki færri en 12 staði þar sem meint eyðibýli er að finna án heimilda um byggð á síðari öldum.³⁰ Eins og í Hraungerðishreppi eru nokkrir fornir bæjarhólar þekktir, nánar tiltekið þrír að tölu. Þá eru örnefni og nafnlausar leifar sem benda til mannvistar talin með í þessum 12 býlum. Líkt og í Hraungerðishreppi hafa rústir á nokkrum stöðum horfið í túnasléttun.

Fornleifar hafa verið skráðar samfellt syðst í Borgarfjarðarsýslu á svæðinu milli Hvalfjarðar og Hafnarfjalls. Á þessu svæði (í Hvalfjarðarstrandar-, Skilmannahreppi og Leirár- og Melasveit) er samantlagt getið um 11 forn eyðibýli í Jarðabók Árna og Páls frá 1706.³¹ Í fornleifaskráningu í þessum hreppum koma fram veruleg merki um möguleg eyðibýli þar sem ekki er vitað um byggð á síðari öld-

28 Ragnheiður Gló Gylfadóttir, ritstj., *Fornleifaskráning í Flóahreppi. Áfangaskýrsla 1* (Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2010), 222–227.

29 *Jarðabók Árna og Páls* II, 137.

30 Ragnheiður Gló Gylfadóttir, ritstj., *Fornleifaskráning í Flóahreppi. Áfangaskýrsla 2* (Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2014); Ragnheiður Gló Gylfadóttir, ritstj., *Fornleifaskráning í Flóahreppi. Áfangaskýrsla 3* (Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2016).

31 *Jarðabók Árna og Páls* IV, 3–41.

um. Í Hvalfjarðarstrandarhreppi einum er getið um 11 staði þar sem til greina kemur að hafi verið býli í byggð á miðöldum og ekki síðan. Þar af eru skýrar leifar af tóftum, bæjarhólum, túngörðum eða tún-um á sjö stöðum.³² Í Jarðabókinni er í hreppnum talað um fjögur forn eyðibýli, Kotamóa við túnið í Eystra Miðfellslandi, Gröf og Marstaði í Geitabergslandi og Holukot eða Holu í Stóra Botnslandi.³³ Allir þessir staðir eru á skrá í fornleifaskráningunni, og síðan sjö staðir að auki.

Í Skilmannahreppi er í Jarðabókinni bara talað um tvo staði sem forn eyðibýli, Ígulstaði í Stóra Lambhagalandi og Láfastaði við Gröf. Á Láfastöðum sem merktir eru sem Lágastaðir á kortum er greinilegur túngarður sjáanlegur og tún þar grænna en úthaginn. Túnið virðist vera um 2,5–3 hektarar að stærð. Að auki er í fornleifaskráningu Skilmannahrepps talað um sex aðra staði þar sem skráðir eru bæjarhólar, tóftir eða túngarðar. Slíkar leifar er að finna á öllum nema einum stað af þessum átta sem talað er um sem eyðibýli og ekki í byggð á síðari öldum samkvæmt ritheimildum.³⁴

Í Leirár- og Melasveit er að finna þrjú forn eyðibýli sem getið er í Jarðabók Árna og Páls.³⁵ Þeirra er allra getið í fornleifaskráningu. Á þeim öllum er að finna tóftir og túngarða. Á þremur býlum í viðbót fundust tóftir, og að auki voru skráðir þrír staðir til viðbótar þar sem heimildir geta um eyðibýli eldri en frá sextánda öld, en leifar eru hvergi augljósar. Alls eru því níu eldri eyðibýli talin í Leirár- og Melasveit, en af þeim aðeins þriggja getið í Jarðabókinni. Sveitin er mjög ræktuð og eitthvað af leifum hefur án efa horfið í jarðrækt.

Bregðum okkur nú austur á land. Aðstæður þar eru talsvert ólíkar því sem er annars staðar á landinu, því Jarðabók Árna og Páls er glötuð fyrir það svæði (Múlasýslur og Skaftafellssýslur). Þó er bæði til manntal og kvikfjártal fyrir allt svæðið frá 1703. Fornleifaskráning hefur verið unnin á nokkrum svæðum austanlands, til dæmis í Hjaltastaðapinghá og Norðfirði. Hér verður skráningin í Hjaltastaðapinghá skoðuð.³⁶

32 Birna Lárusdóttir, ritstj., *Fornleifaskráning í Hvalfjarðarsveit* (Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2003).

33 *Jarðabók Árna og Páls* IV, 3–41.

34 Adolf Friðriksson og Oddgeir Hansson, *Fornleifar í Skilmannahreppi* (Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2003).

35 *Jarðabók Árna og Páls* IV, 123–154.

36 Birna Gunnarsdóttir o.fl., *Fornleifaskráning í Hjaltastaðapinghá II* (Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 1998).

Ýmislegt virðist einkennilegt í gögnum úr Hjaltastaðapinghá frá fornri tíð og má þar fyrst nefna sérkennilegt jarðamat. Á svæðinu eru víða jarðir sem metnar eru á sex eða 12 hundruð að jarðamati með áhöfn og ábúð eins og algengt er á 20 hundraða jörðum annars staðar á landinu. Meðaljarðamat er þannig lægra á þessu svæði en annars staðar og gott að hafa það í huga þegar forn byggð og búskapur þar er athuguð.³⁷

Þegar fornleifaskráning í Hjaltastaðapinghá er skoðuð verður strax ljóst að þar eru aðstæður ólíkar því sem er í Flóahreppi, Hvalfirði og Melasveit hvað varðar fjölda og varðveislu eyðibýla frá því fyrir sautjándu öld. Á svæðinu er mikill fjöldi slíkra eyðibýla og víða hafa túngarðar þeirra varðveist. Því hafa túnasléttanir ekki verið eins örlagaríkar á þessu svæði og í Flóanum eða sveitunum sunnan Skarðsheiðar.

Eitt þessara býla er Goðrúnarstaðir í Rauðholtslandi. Þar hefur varðveist túngarður utan um tún sem er um tveir hektarar að stærð og tóftir af bæjar- og útihúsum eru sjáanlegar. Rúmt er um Goðrúnarstaði, víðáttumiklar engjar til vesturs niður að Selfljóti og verulegt beitoland í fellunum til austurs. Í skýrslu um fornleifaskráningu á Goðrúnarstöðum segir að Guttormur Sigbjarnarson jarðfræðingur hafi gert könnunarskurð í sár sem ýta hafði einhvern tíma gert í túngarðinn suðvestanverðan og var verkið unnið í ágúst 1994.

Taldi hann þar sjást öskulög frá 1362 og annað hvort 1477 eða 1636, og virtist honum mannvist lokið á staðnum er síðara lagið féll. [Hann segir meðal annars] ... „Þetta snið bendir til að garðurinn hafi staðið árið 1362 og hafi þá jafnvel verið orðinn nokkurra alda gamall, en hins vegar hafi nokkuð verið búið að veðrast úr garðinum árið 1477, svo öskulaginu hallar út frá honum. ... 1362 virðist garðurinn hafa verið í notkun. ... allar líkur benda til, að Goðrúnarstaðir hafa verið í byggð 1362, og hafi sú byggð jafnvel verið búin að standa þar um nokkur hundruð ár. Hins vegar mun búseta þar eftir 1362 hafa staðið mun skemmri tíma, líklega skemur en 100–150 ár og *alls* [svo] ekki fram á 16. öld.“³⁸

37 Björn Lárússon, *The Old Icelandic Land Registers* (Lund: Gleerup, 1967); Björn Lárússon, „Valuation and Distribution of Landed Property in Iceland,” *Economy and History* 4 (1961): 35–64; Vef. „Gagnagrunnur um samfélagsgerð Íslands 1703, Kortasjá – Lögbýli,” 1703.is. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, sótt 1. október 2024.

38 Birna Gunnarsdóttir o.fl., *Fornleifaskráning í Hjaltastaðapinghá II* (Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 1998), 58.

Sérstakt er við Austurland að þar er að finna öskulög úr Örafajökli frá 1362 og svo úr Veðivatnagosinu 1477. Bæði öskulögin ná yfir Austurland en er ekki að finna á hinum tveimur svæðunum, í Árnessýslu eða í sveitunum sunnan Skarðsheiðar í Borgarfjarðarsýslu. Víða um land, til dæmis víðast hvar norðanlands, er hægt að finna öskulög úr Heklugosunum 1104 og 1300, og hafa þau orðið notadrjúg við aldursgreiningar. Öskulögin austanlands eru hins vegar betri til að afmarka eyðibýggð frá tímanum á milli 1300 og 1500.³⁹ Mikilvægt er því að hafa þessa aldursgreiningu Guttorms, þar sem hún virðist vera eina aldursgreiningin þar sem rýnt hefur verið í skurð tengdan fornum eyðibýlum á þessu svæði.

Hér á eftir fer skrá yfir eyðibýli í Hjaltastaðapinghá. Á henni eru 27 býli þar sem ekki er getið um byggð í ritheimildum síðari alda. Þegar skráningin var gerð fyrir um 30 árum höfðu aðeins tvö býli verið sléttuð í túnaframkvæmdum tuttugustu aldar, ólíkt því sem er sunnan- og vestanlands.

Séu dregnar saman niðurstöður af þessum athugunum er einkum tvennt sem vekur athygli: Annars vegar er skýrt að fremur lítið samhengi er milli þess hversu mörg forn eyðibýli voru skráð í Jarðabók Árna og Páls og þess hversu mörg gömul eyðibýli eru að jafnaði skráð í nútíma fornleifaskráningu.⁴⁰ Til dæmis eru mjög fá forn eyðibýli samkvæmt Jarðabókinni í Flóanum, aðeins fleiri í sveitunum sunnan Skarðsheiðar og talsverður fjöldi í Svarfaðardal, Hörgárdal og nágrenni, en í fornleifaskráningu síðustu áratuga er hlutfallslega svipaður fjöldi af gömlum eyðibýlum á öllum þessum svæðum miðað við fjölda lögbýla.

Á hinn bóginn er greinilegur munur á þeirri skráningu sem völ er á á Austurlandi og skráningu úr öðrum landshlutum. Hlutfall gamalla eyðibýla úr nútíma fornleifaskráningu er mun hærra, fleiri eyðibýli á hvert lögbýli, á Austurlandi en annars staðar, sé það borið saman við fjölda lögbýla eins og þau voru skráð um 1700. Lögbýli eru um tvö á móti hverju fornu eyðibóli sunnan Skarðsheiðar, tveimur hreppum Árnessýslu og hreppunum þremur í Eyjafirði, en um

39 Góð öskulög í þessum skilningi eru einnig víða sunnanlands þótt þau séu ekki í Flóanum, til dæmis í nágrenni Heklu og í Skaftártungum.

40 Hér eftir verður til hægðarauka talað um „gömul eyðibýli“ í þeim tilvikum þar sem til eru skráðar fornleifaheimildir um eyðibýli í fornleifaskráningu, en engin tiltæk gögn er að finna í ritheimildum um byggð þar á síðari öldum, eftir 1500 eða svo.

Tafla 4. Form eyðibýli í fornleifaskrá Hjaltastaðáðþinghár

Býli	Númer skráningar FSÍ	Leifar	Túnstærð skv. map.is, ha.	Aths. í skýrslu
Hurðarbak	NM-180:007			Getið í jarðabók 1696
Hrisgerði	NM-180:011	Tóft og garðlag		
Líti Hríótur	NM-181:016			Í eyði um 1900
Lambatættur eða				
Lambanesþing	NM-181:020	Tóftir og garðlög	0,7	„Þingstaður“
Hringur	NM-182:007	Forn túngarður		Túlkað sem náttthagi út frá örnefna- skrá
Ánastaðahjáleiga	NM-182:024			
Goðrúnarstaðir	NM-183:013	Tún, túngarður, tóftir	2	
Grafargerði	NM-184:007	Tóftir og garðlög	1,5	
Töðuvallagerði	NM-184:008	Tóftir og garðlög	2,6	
Dýjastaðir	NM-184:009	Tóftir og garðlög		
Hrúgustaðir	NM-184:032	Tóftir og garðlög		Skýrt og greinilegt
Nafnlaust	NM-185:013-15	Garðlög og tóftir húss	0,4	
Nafnlaust	NM-186:028			
Þjargland	NM-189:013	Garðlög, miklar tóftir	1	
Nafnlaust	NM-191:025	Tóftir, garðlag		
Litla Jörvík	NM-194:011	Tóftir, túngarður		

Arnarbæli	NM-196:006	Miklar tóftir og garðlög	
Gagnstaðahjáleiga	NM-197:004		
Arasel	NM-197:007	Túngarður, tóftir	1,3
Ingveldarstaðir	NM-198:005	Túngarður, miklar tóftir	
Bakki	NM-198:011		Sagnir um mannabeinafund sem bendir til kirkjugarðs/bænhúss Ummerki horfin með sléttun túns
Nafnlaust	NM-198:017	Tvær tóftir og garðlag	0,9
			120 m langur túngarður. Við þennan stað er Randarhóll (198:014) þar sem fannst víkingaöldarmæla. Mögulega er þarna kuml sem gæti bent til hás aldurs býlisins.
Hoftún	NM-200:009		Sléttað fornbylí. Hér hafa fundist mannabein og hrossabein, sem eru hugsanlega úr kumli. Gæti bent til hás aldurs býlisins.
Valhnúksstaðir	NM-203:010	Tóft, garðlög	0,95
Nafnlaust	NM-203:012	Tún, túngarður, tóftir	1,5
Bolagerði	NM-206:016	Túngarður, tóftir	0,7
Nafnlaust	NM-207:007	Tóftir og garðlög	

Heimild: Birna Gunnarsdóttir o.fl., *Fornleifaskráning í Hjaltastaðþinghlá II* (Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 1998).

Tafla 5. Fjöldi fornra eyðibýla á fjórum svæðum skv. JÁP og fornleifaskráningu

Hreppur	Forn eyðibýli, skv. Jarðabók Árna og Páls	Gömul eyðibýli skv. fornleifaskráningu (ekki vítað um byggð á síðari öldum)	Fjöldi lögbyla 1703	Hlutfall eyðibýla skv. fornleifaskr. og lögbyla
Svarfaðardalshreppur	20	37	80	2,2
Hvammshreppur	6	11	26	2,4
Skríðuhreppur	10	29	44	1,5
Alls	36	77	150	1,9
Hjaltastaðapinghá	-	26	22	0,8
Villingaholtshreppur	0	12	27	2,3
Hraungerðishreppur	2	15	22	1,5
Alls	2	27	49	1,8
Hvalfjarðarstrandarhreppur	4	11	27	2,5
Skilmannahreppur	2	8	15	1,9
Leirár- og Melasveit	3	9	21	2,3
Sveitir sunnan				
Skarðsheiðar alls	9	28	63	2,3
Heildartala	47	158	282	1,8

Heimildir: Jarðabók Árna og Páls; fornleifaskráning á viðkomandi svæðum.

0,8 í Hjaltastaðapinghá. Myndin í Hjaltastaðapinghá er því talsvert önnur en í hinum hreppunum.

Staða eyðibýla frá miðöldum

Hér verður fjallað um vistfræði, efnahag og félagslega stöðu íbúa á hjáleigum á miðöldum. Eitt af því sem lítið hefur verið athugað fram til þessa er hver staða gamalla eyðibýla var varðandi þætti eins og túnstærð, aðgang að engjum, beitolandi og svo framvegis. Hvers konar búskapur og hversu margt búfé var á slíkum eyðibýlum? Hversu margt fólk bjó á þessum býlum? Hver var félagsleg staða þess?

Skoðum nokkur eyðibýli í Eyjafirði, nánar tiltekið í Svarfaðardal og Hörgárdal. Þar hafa farið fram talsverðar rannsóknir þar sem eyðibýli hafa verið aldursgreind, bæjarhólar mældir og ýmislegt fleira. Á töflu 6 má sjá túnstærð og stærð bæjarhóla á nokkrum þessara býla eins og hún er varðveitt í fornleifum.

Tafla 6. Stærð bæjarhóla og túns á nokkrum fornbylum í Svarfaðar- og Hörgárdal

Býli	Stærð bæjarhóls m ²	Túnstærð hektarar
Vífilsstaðir (Svarf.)	–	2
Ytra-Tungukot (Svarf.)	–	1,5
Syðra-Tungukot (Svarf.)	308	0,7
Kot í Skiðadal (Kotakot, Svarf.)	395	0,5
Hvarfskot (Svarf.)	–	1,5
Skiptagerði (Hörg.)	258	1,2
Kringlugerði (Hörg.)	407	1
Hálskot (Hörg.)	507	0,9

Heimildir: map.is; ársskýrslur Tvíðælu 2022 og 2023.

Í rannsóknum sumrin 2020 og 2021 var reynt að fá hugmynd um aldur þessara býla með könnunarskurðum í garðlög. Hér er byggt á þeim vísbendingum sem komu í ljós í kjölfar þess. Umfangsmeiri rannsóknir þarf þó til að fullyrða með vissu út frá fornleifafræðirannsóknum að bær hafi til dæmis fallið úr byggð þótt túngarði hafi ekki verið haldið við, eða að fullvíst sé að ekki hafi verið búið á svæðinu fyrr, þótt túngarður hafi fyrst verið byggður á tólfðu öld. Hins vegar benda sagnfræðiheimildir mjög sterklega til þess að flest

lögþýli smærri en 20 hdr. og allar hjáleigur hafi farið í eyði í Svarfaðardal og Hörgárdal eftir Svartadauða 1402–1404.⁴¹

Vífilsstaðir heitir gamalt eyðibýli fremst í Svarfaðardal, spölkorn innan við Kot. Þess er að engu getið í Jarðabók Árna og Páls.⁴² Býlið liggur beint á móti veginum yfir Heljardalsheiði og til Skagafjarðar, sem er þar neðst í hlíðum Hnjótafjalls. Svarfaðardalsá er á milli. Býlið liggur á vallendi sem hallar niður frá skriðu sem runnið hefur yfir hluta túnsins. Skýrar rústir eru allt um kring, myndarlegur túngarður umhverfis túnið. Á svæðinu eru samtals 5–6 tóftir, meðal annars vísir að bæjarhóli og einhvers konar rétt eða girðing samtengd við túngarðinn austast (neðst) í túninu, við lækinn. Talsvert miklar og grösugar engjar eru bæði utan og ofan við túngarðinn. Fátt er vitað með vissu um þetta býli, einhver grunur er um búsetu um skamma hríð á sautjándu öld en engir ábúendur þekktir með nafni.⁴³

Fornleifaskráning sem unnin var um árið 2000 sýndi að fornt garðlag var mitt á milli rústa Vífilsstaða og Kotsbæjarins nokkru austar eða neðar í dalnum.⁴⁴ Sumarið 2021 var garðlagið rannsakað með könnunarskurði.⁴⁵ Það liggur ofan við túnin í Koti um 130 metra upp í hlíðina. Garðlagið er 1,5–2 metra breitt og 30–50 sentimetra hátt. Torfið í garðlagið er fengið sitt hvoru megin við garðinn, og var garðurinn byggður ofan á svokallað landnámsgjóskulag, sem raunar er syrpa öskulaga, og er hið yngsta þeirra frá því um 940 e.Kr. Landnámsgjóskan er í torfinu í garðlaginu, en upp að hliðum þess er aska úr Heklugosunum árin 1104 og 1300.

41 *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn (DI) I–XVI*, útg. Jón Þorkelsson (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1857–1972), hér IV, 363–379, 464–469 (Vísitásiubók Jóns Vilhjálmssonar Hólabiskups 1429 og 1431) og IV, 710–712 (Jarðabók Möðruvallaklausturs 1447). Sjá umfjöllun um þetta í Árni Daníel Júlíusson, *Af hverju strái*, 131–139.

42 *Jarðabók Árna og Páls* X, 70–71. Hvorki er hér talað um Vífilsstaði við Kot né Skeið.

43 Stefán Aðalsteinsson, *Svarfdælingar. Fyrri bindi* (Reykjavík: Íðunn, 1976), 380. Að sögn Stefáns talar Ólafur Olavíus um eyðibýlið Vífilsstaði í Svarfaðardal í eyðibýlaskrá í riti hans um landshagi á árunum 1755–1777. Það hafi farið í eyði vegna snjóflóða, en ekki segir hvenær það var.

44 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, *Fornleifaskráning í Eyjafirði XVI: Fornleifar í innsta hluta Svarfaðardals (frá Göngustaðakoti) og í vestanverðum Skiðadal inn að Þverá* (Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2001), 43–44.

45 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, „Trenches into boundaries“, í *Power, Wealth and Plague in Two Valleys: Field Report*, 36–38.

Svo virðist sem garðlagið hafi upphaflega verið byggt einhvern tímann milli 940 og 1104 en það síðan endurbyggt að minnsta kosti einu sinni eftir að Heklugjóska frá 1300 féll en áður en gjóska úr Veiðivötnum féll á svæðinu 1477.

Þessi athugun bendir til þess að einhvern tímann á milli 940 og 1104 e.Kr. hafi verið talin þörf á því að afmarka landið milli Kots og Vífilsstaða með girðingu, og síðan hafi garðinum verið haldið við um nokkurt skeið og hann endurbyggður einu sinni til tvisvar. Eftir 1477 var ekki um að ræða frekari viðgerðir.

Kot og Vífilsstaðir voru líklega útbýli eða hjábýli frá Skeiði, næsta bæ fyrir austan Kot. Vífilsstaðir eru landmikil jörð af hjábýli að vera, eins og raunar Kot einnig. Upplýsingar eru til um búskap á Skeiði frá 1447.⁴⁶ Þá voru níu leigukúgildi á Skeiði frá Möðruvallaklaustri, en jörðin var þá komin í eigu klaustursins. Níu leigukúgildi voru yfirleitt á jörðum með tvö býli eða jafnvel fleiri,⁴⁷ og gæti þetta bent til þess að önnur hvor hjábýlisjörðin frá Skeiði, Kot eða Vífilsstaðir, hafi verið í byggð um þetta leyti.

Hluti túnsins á Vífilsstöðum virðist hafa eyðilagst af skriðu. Sé gert ráð fyrir því, og að túnið hafi náð að læk vestan bæjarins, var túnið um tveir hektarar að stærð. Það var algeng túnstærð á minni jörðum svo seint sem um 1917, þegar fjöldi túna var mældur upp um allt land.⁴⁸ Skriðan hefur þá eyðilagt um þriðjung túnsins, sem auðvelt hefði verið að bæta upp með því að færa túngirðinguna út suður til fjallsins. Það var ekki gert. Ef til vill hefur bærinn þá verið farinn í eyði. Áhugavert væri að skera úr um aldur skriðunnar með rannsóknnum.

Utan túngarðsins eru nú á tímum, og að öllum líkindum einnig á miðöldum, engi í hallamýrum og á valllendi jarðarinnar, alls um níu hektarar að stærð. Munur á engjunum og túnnum var meðal annars sá að borið var á túnið árlega, en ekki á engi. Engu að síður má gera ráð fyrir að engi hafi verið heyjuð árlega og veruleg uppskera hafi fengist af þeim. Talsvert beutiland er einnig að finna í nágrenni Vífilsstaða bæði ofan við bæinn, inni í Vífilsdal og í norðurhlíðum Vífilsfjalls, alls um 2,15 km², eða um 215 hektara, á misríku mólendi.

Í landi jarðarinnar Tungufells í miðjum Svarfaðardal eru víðáttumiklir úthagar, Tungurnar sem svo eru nefndar. Þar eru mikil forn

46 *DI* IV, 710–712.

47 Árni Daníel Júlíusson, *Af hverju strái*, 95.

48 *ÞÍ*. (Þjóðskjalasafn Íslands) Stjórnarráð Íslands, II skrifstofa. Túnakort EG09.

garðlög.⁴⁹ Alls er Tungufell rúmir 4 ferkílómetrar, um 425 hektarar eða svo. Í þessum úthögum eru fjögur gömul eyðibýli, Kringla, Ytra-Tungukot, Syðra-Tungukot og Krákustaðir, og er í Jarðabók Árna og Páls fjallað um tvö þeirra.⁵⁰ Í jarðaskiptaskjali frá 1560 segir frá því að jörðin Tungufell hafi verið seld „með Litla Tungufelli“.⁵¹ Ekki er ljóst hvaða býli er átt við. Engu að síður bendir þetta til þess að á Tungufelli hafi þá verið hjáleiga með þessu nafni. Getið er um Tungugerði í Svarfdæla sögu og segir: „Það var því næst, að hestaping var nefnt uppi fyrir Tungugerði.“⁵² Ekki er heldur ljóst hvaða býli er átt við hér, en vera má að Litla Tungufell og Tungugerði séu nöfn á gömlum eyðibýlum sem síðan týndust.

Fornleifarannsóknir hafa sýnt að Krákustaðir eru mjög fornt býli, byggt á tíundu öld og farið í eyði fyrir 1104. Þunn gólfskán fannst í könnunarskurði, en ekki var unnt að ákvarða hvort um mannabústað var að ræða. Af öðrum ummerkjum, svo sem túngarði, má þó ráða að hér hafi verið býli um skamma hríð. Túnið hefur ef til vill verið 1,8 hektarar og vallargarðar umhverfis girtu af um 24 hektara landsvæði í kringum bæinn. Skurður var einnig tekinn í einn af vallargörðunum. Hann reyndist hafa verið byggður skömmu eftir landnám og talsvert fyrir 1104. Engin merki um endurnýjun garðlagsins fundust.⁵³

Á bakka Skíðadalsár var öldum saman hægt að sjá rústir af eyðibýlinu Ytra-Tungukoti. Þær rústir hurfu að mestu við ræktunarframkvæmdir eftir miðja tuttugustu öld. Enn sér þó móta fyrir túngarðinum á loftmyndum, og hefur túnið verið um 1,5 hektarar innan túngarðs, eða litlu minna en á Vífilsstöðum.⁵⁴ Túnstæðið er uppi á tungunni, ofan við bakka sem rísa frá flóðasléttu Skíðadalsár. Niðri

49 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, *Forn garðlög í Dalvíkurbyggð: Fornleifakönnun á garðlögum í Svarfðardal og á Árskógsströnd* (Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2010).

50 *Jarðabók Árna og Páls* X, 74–75. Við Tungufell segir: „Krákustaðir og Tungu kot kallast nú tvö forn eyðiból hjer í landinu út frá jörðinni, og eru á þeim báðum sýnilegt byggingamerki tófta og girðinga leifa. Ekki má þessi eyðiból aftur byggja fyrir heyskapparleysi. Túnin eru og mestan part uppblásin.“

51 *DI* XIII, 537.

52 „Svarfdæla saga“ í *Íslensk fornrit IX. bindi. Eyfirðinga sögur*, 193. Í neðanmálsgrein stendur: „Tungugerði hefur að líkindum verið þar, sem nú er eyðibýlið Tungukot.“

53 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, „Trenches into boundaries“, í *Power, Wealth and Plague in Two Valleys: Field Report*, 39–44.

54 Árni Daníel Júlíusson, „Á eyðibýlum norðanlands“, 49.

á flötunum meðfram Skíðadalssá er víðáttumikið engjasvæði, alls um 30 hektarar. Miklir lyngmóar eru allt umhverfis bæinn til suðurs, og hafa að öllum líkindum verið einnig vestan við túnið þarna neðst í Tungunni.

Einu leifarnar af mannvirkjum á þessum bæ sem nú eru ofanjarðar eru 30 metra langur bútur af túngarði sunnan við núverandi tún sem hefur sloppið við ræktunarframkvæmdirnar. Niðurstöður úr rannsókn á þversniði úr þessum garðbút voru þær að garðlagið hefði verið byggt eftir 940, en að hætt hafi verið að halda því við nokkru fyrir 1300.⁵⁵

Á Syðra-Tungukoti nokkru sunnar og ofar í Tungunni var tún aðeins 0,68 ha. Votlendisengjar vestan við bæinn voru 2,44 ha. Mögulegt er að Syðra-Tungukotsbændur hafi einnig nýtt sér engjar niður við ána, sem eins og áður segir voru 30 hektarar að flatarmáli og mjög sennilega nýttar af Ytra-Tungukotsmönnnum. Borkjarnasýni voru tekin úr öllum tóftum í túninu í Syðra-Tungukoti. Að minnsta kosti eitt húsanna á bænum var byggt eftir 1104. Engin merki komu fram um eldri mannvist en 1104. Öskulag úr Veðivatnagosinu 1477 lá yfir rústunum og fundust engin merki um mannvist eftir að það féll. Í borkjörnunum mátti einnig greina gólf-lög og önnur ummerki um búsetu.⁵⁶ Bæjarhóllinn á Syðra-Tungukoti mældist 308 fermetrar í rannsókn Tvídælu sumarið 2022.⁵⁷ Túnið á Syðra-Tungukoti er athyglisvert, þar sem það virðist rækt-að upp úr óræktarmóa. Ennþá sést verulegur munur á gróðurlendi innan garðs og utan í Syðra-Tungukoti þrátt fyrir að býlið hafi verið í eyði í rúm 600 ár.

Í Skíðadal eru fjölmörg eyðibýli. Eitt hinna minnstu — og minnst þekktu — er Kot í Skíðadal, rétt norðan við Holárkot. Kot er í hópi rannsakenda stundum kallað Kotakot, því í grenndinni liggja tvö önnur kot, Holárkot og Gljúfrárkot, og Kotakot liggur innan landa-merkja þess fyrrnefnda. Í Kotakoti hafa varðveist mjög skýrar leifar af litlu smábýli. Þar er tún og túngarður utan um. Bæjarhóllinn á Kotakoti mældist 535 m² sumarið 2022. Til samanburðar má nefna

55 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, *Forn-leifarannsóknir í Svarfaðardal* 2020, 14.

56 Sama heimild, 38.

57 *Rsj.* (Rannsóknasjóður) Elín Ósk Hreiðarsdóttir, „Work Package 1 – Progress Report.“ Icelandic Research Fund. Annual Report. Power, Wealth and Plague in Two Valleys 2022, ritstj. Árni Daníel Júlíusson, 8–18.

að bæjarhóllinn á lögbylinu Hverhóli handan dalsins var 2199 m². Túnstærð í Kotakoti er 0,5 hektarar. Talsvert engi og úthagar eru norðan kotsins og handan við ána eru miklar engjar.

Sumarið 2021 var grafinn könnunarskurður í túngarð Kotakots norðan við túnið. Niðurstöður voru að túngarðurinn hefði verið reistur eftir 1104, jafnvel eftir 1300. Niðurstöður athugunarinnar voru að garðinum hefði líklega ekki verið viðhaldið eftir 1477, því óljósar leifar gjósku sem var talin úr Veidivötnum 1477 lágu óhreyfðar yfir garðinum og hafði honum ekki verið viðhaldið eftir það.⁵⁸ Þá hefur farið fram frjókornarannsókn úr borkjarna sem tekinn var í hallamýri í næsta nágrenni við bæinn. Niðurstaða rannsóknarinnar sýndi að upprunalegt skóglendi var að mestu við lýði næstu 300 ár eftir landnám, en um og upp úr 1100 hvarf skógurinn af svæðinu sem bendir til vaxandi nýtingar.⁵⁹

Þau býli sem hér hafa verið athuguð höfðu öll tún, en misstór. Á Vífilstöðum og Ytra-Tungukoti voru tún 1,5–2 hektarar, og von um að fódra mætti tvær kýr af slíku túni yfir vetrartímann, sérstaklega ef það var vel ræktað og þökkalega áraði. Túnin á Syðra-Tungukoti og Kotakoti voru hins vegar ekki nema 0,5–0,7 hektarar, og dugði það í hesta lagi fyrir eitt kýrfóður. Talsverður úthagi og engjar voru umhverfis öll þessi býli, sem gat bætt upp túnleysið og skapað grundvöll fyrir stærra bú en eina eða tvær kýr. Það voru fyrst og fremst kýrnar sem fengu töðu af túninu, ærnar fengu úthey eða voru hafðar á beit lengst af vetrar.

Þau býli, hjáleigur, sem hér hefur verið fjallað um sýna flest eða öll einkenni almennra sveitabýla, með túni, túngarði, engjum og úthaga. Munurinn á þeim og hjáleigum sem bæði voru í byggð á miðöldum og byggðust svo upp aftur á árnýöld var fyrst og fremst staðsetning. Hjáleigur sem byggðust aftur upp á árnýöld voru fyrst og fremst í Tjarnarsókn og Urðasókn, vestan Svarfaðardalsár, sunnan í hlíðum dalsins. Þær voru á betra og frjósamara landi, horfðu betur við sólu og nutu betra veðurlags, sem aftur leiddi til meiri frjósemi og betri uppskeru af grasi af túnum, engjum og úthaga.⁶⁰

58 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, „Trenches into boundaries“, 55–58.

59 Elísabet Ásta Eyþórsdóttir, „Two farms, two environmental legacies: comparing social standing and environmental impact during Iceland's settlement.“ Fyrirlestur á EAA-ráðstefnunni í Róm, 31. ágúst 2024.

60 Árni Daníel Júlíusson, *Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardals* (Reykjavík: Þjóðminjasafn og Forlagið, 2016), 139–144.

Hinar hjáleigurnar, eins og Kotakot, Vífilsstaðir og Tungukotin, voru á stöðum sem horfðu ekki eins vel við sólu eða voru hærra í landinu. Sama gildir um hjáleigur í Hörgárdal og Blönduhlíð í Skagafirði.⁶¹

Túnstærð og áhöfn á síðari alda býlum


Tilvist afgirtra túna í fornleifum er dýrmætur vitnisburður um búskaparhætti fyrr á tímum. Ástæðan er sú að túnin voru lykilþáttur í afkomu bændafjölskyldna. Ef tún var gert kostaði það verulega vinnu og fyrirhöfn og á það var síðan borið árlega, áburður af húsdýrum og af heimili, sem einnig kostaði mikla vinnu, bæði að hirða um fjóshauginn og bera hann svo á túnið. Hey af túninu var svo gefið húsdýrunum, fyrst og fremst kúnum. Túnið var því órækur vitnisburður um húsdýrahald á viðkomandi býli og tún á eyðibýlum gefa miklar upplýsingar um búskap á viðkomandi býlum. Með því að bera saman túnstærð á eyðibýlum frá því fyrir 1500 og tún og búskap á síðari alda býlum má fá hugmynd um bústærð og afkomu bænda á smábýlum miðalda. Þó nægir ekki að horfa eingöngu á túnin. Þótt túnið væri dýrmætt þá voru engjar ekki síður dýrmætar. Uppskeran af þeim nam á síðari tímum yfirleitt um tveimur þriðju af því heyi sem hvert bú hafði til ráðstöfunar.⁶²

Þegar skoðaðar eru heimildir um tún frá upphafi tuttugustu aldar, fyrir útpenslu túna sem hófst að marki skömmu síðar, þegar tún virðast enn hafa verið nánast eins og þau höfðu verið frá öndverðu,⁶³ sést að lítil tún voru alls ekki óþekkt, jafnvel nærri því eins lítil og í Kotakoti eða Syðra-Tungukoti. En þau voru fremur sjaldgæf. Á töflu 7 sést túnstærð nokkurra býla í Hörgárdal 1917–1920

61 Sjá nánar Árni Daníel Júlíusson, „Á eyðibýlum norðanlands“, 53, 60–61.

62 Árni Daníel Júlíusson, *Íslensk landbúnaðarsaga 1. bindi: Þúsund ára bændasamfélag* (Reykjavík: Skrudda, 2013), 91–93, 128–131; Árni Daníel Júlíusson, *A Tale of Two Valleys. Settlement, land use and landownership in medieval Iceland* (Reykjavík: Þjóðminjasafn og Háskólaútgáfan, 2022), 76–83.

63 *Hdr.* (Handrit í vörslu höfundar) Douglas Bolender, „The Creation of A Propertied Landscape: Land Tenure and Agricultural Investment in Medieval Iceland.“ PhD dissertation, Northwestern University, Department of Anthropology, Evanston, Illinois 2006, 116–141; *Þjms.* (Þjóðminjasafn Íslands) Kevin Smith, *Archaeological Investigations in Háls. Rannsóknarskýrsla á Þjóðminjasafni*, 1990.



Mynd 1. Kort af Svarfaðardal. Kortagerð: höfundur.

sem eru með hliðstæða túnstærð og á gömlu eyðibýlum í Svarfaðardal, og einnig fjöldi búfjár á þessu hörgdælsku býlum samkvæmt Jarðabók Árna og Páls frá 1712. Til samanburðar sést einnig túnstærð nokkurra býla í Svarfaðardal sem sum voru hjáleigur. Túnin á minnstu býlum þar voru þó ekki eins smá og á býlum í Hörgárdal en minna má á að túnin á gömlu eyðibýlum úr Svarfaðardal sem skoðuð eru að framan eru svipuð að stærð og minnstu túnin í Hörgárdal 1712.

Tafla 7. *Túnstærð og búskapur á nokkrum býlum í Hörgársveit og Svarfaðardal 1712 og 1920*

Býli	Tún 1920 ha.	Kýr 1712	Ær 1712	Sauðir 1712	Fóðrast kann, kýr	Leigu- kúgildi
Einhamar	1,7	2	40	1	1	2
Nýibær	1	1	20	1	1	2,5
Bessahlaðir	1,7	1	21	1	1	3
Varmavatnshólar	2,1	2	14	0	1	3
Gil	1,7	2	14	0	1	4
Göngustaðakot	2,7	2	10	6	2	2,5
Þorleifsstaðir	2,1	í eyði			2 „laklega“	2
Hverhóll	3,2	2	8	0	2	1
Sæla	2,6	2	30	10	2,5	1
Hofsárkot	3	2	20	4	3	2

Heimildir, ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, II. skrifstofa. Túnakort EG09-EG10; *Jarðabók Árna og Páls* X.

Greinilegt er af þessum tölum að munurinn á túni á eyðibýlum miðalda og litlum býlum í upphafi átjándu aldar var ekki endilega mikill. Nýibær í Hörgárdal fram er með minnsta tún og áhöfn af þessum býlum. Kúgildafjöldi á Nýjabæ, eitt kýrkúgildi og þrjú ærkúgildi hefur dugað lítilli fjölskyldu til framfærslu. Það mætti hugsa sér að áhöfnin hafi litið eitthvað svipað út á eyðibýlum gömlu í Svarfaðardal eins og Kotakoti, verið í kringum ein kýr og kannski 20 ær.

Ritheimildir miðalda

Víða í íslensku fornbréfasafni er að finna gögn um fornar hjáleigur, sem þá nefndust hjábýli, smálönd eða hjálönd.⁶⁴ Þessar heimildir

64 Árni Daníel Júlíusson, *Afhverju strái*, 103.

eru fáar og strjálar miðað við fjölda hjáleigna eins og þær koma fram í síðari alda heimildum eins og Jarðabókinni. Á hinn bóginn er nöfn á fjölmörgum lögbýlum að finna í ritheimildum miðalda, og auk þess skrár um fjölda lögbýla víða í máldögum. Til dæmis eru til tölur um fjölda lögbýla í nær öllum sóknum norðanlands frá fjórta ánda öld og síðar.⁶⁵ Hjáleigur eru ekki skráðar með sama skipulega hætti.

Brakaðargerði er nefnt í kaupbréfi frá 1375.⁶⁶ Það er sama býli og síðar kallaðist Brakandi og var hjáleiga frá Auðbrekku í Hörgárdal.⁶⁷ Fjórar aðrar hjáleigur voru hefðbundið í Auðbrekku á síðari öldum. Í töflu 8 sést íbúafjöldi og búfjárfjöldi á þessum býlum í upphafi átjándu aldar. Brakandi fór raunar í eyði í Stórubólu 1707, þannig að engar upplýsingar er að hafa um búfénað þar úr Jarðabókinni. Búin á hjáleigum Auðbrekku voru mjög svipuð og á mörgum 20 hundraða lögbýlum á þessum tíma.

Tafla 8. Auðbrekka og hjáleigur hennar 1703–1712

Býli	Íbúar 1703	Kýr 1712	Ær 1712	Tún ha. 1919
Auðbrekka	10	7	74	5,7
Svíri	3	2	30	2,6
Þríhyrningur	3	3	39	3,5
Brakandi	2	–	–	2,8
Hólkot	5	2	34	2,4
Hátún	5	2	20	3,2

Heimildir: *Manntal á Íslandi 1703; Jarðabók Árna og Páls 10. bindi*, 134–136; Þf. Stjórnarráð Íslands, II. skrifstofa. Túnakort EG10.

Úr því að hjáleiga og sennilega hjáleigur voru við Auðbrekku á miðöldum, er þá óhætt að gera ráð fyrir því að hefðbundnar hjáleigur í Svarfaðardal og Hörgárdal svo sem við Lögmannshlíð, Upsi, Velli, Urðir og Tjörn hafi verið við lýði á miðöldum? Það er líklegt en fornleifarannsókn getur skorið úr því.

Af hverju voru hjáleigur ekki taldar með í bæjarfjölda sókna á miðöldum eða skráðar í jarðaskrár landeigenda eins og lögbýli? Líklegasta skýringin hvað varðar bæjarfjölda í sóknum er að ekki

65 Árni Daníel Júlíusson, *Af hverju strái*, 67–87.

66 *DI III*, 294–296.

67 Sama heimild, 800.

hafi verið mikil þörf á að telja upp hjáleigurnar skipulega. Hjáleigur voru ekki með fyrirvar í fátækramálum, heldur tóku þátt í fyrirvari lögbýlisins og tollgreiðslum. Ef landskuld og leigur á jörð eða lögbýli voru nefndar í jarðaskráum tóku hjáleigurnar þá væntanlega þátt í að greiða þær upphæðir sem hluti af lögbýlinu. Eins og fram kemur í inngangi voru hjáleigur jarðir sem framleigðar voru á landi annarra jarða, af bóndanum á viðkomandi lögbýli. Bændur á lögbýlum virðast ekki hafa haft ástæðu til að færa slíka leigu til bókar. Matskerfi jarða til skattstofns var samþykkt um 1100.⁶⁸ Út frá því voru jarðir tíundaðar, og þau býli sem bættust við eftir það virðast ekki hafa fengið sérstakan sess í matskerfinu, heldur verið metin sem hluti eldri jarðar.

Félagsleg staða íbúa á hjáleigum miðalda

Þau eyðibýli frá miðöldum sem ekki byggðust upp aftur og sem rannsökuð hafa verið, til dæmis í Skagafirði og Eyjafirði, voru að öllum líkindum hjáleigur. Spurt var í upphafi hvort þessi býli hafi ef til vill verið einhver önnur tegund býla sem svo hvarf úr sögunni. Þær leifar af gömlum eyðibýlum sem rannsakaðar hafa verið benda ekki til þess. Þær benda hins vegar til þess að órofið samhengi hafi verið milli efnislegrar gerðar gamalla eyðibýla og hjáleigna í byggð sem fjallað er um í Jarðabók Árna og Páls.⁶⁹

Lega gamalla eyðibýla í landslagi er hins vegar nokkuð önnur en hjáleigna síðari tíma vegna þess hversu langt bændasamfélagið þandist út yfir ónumin svæði á miðöldum. Þá virðist fólksfjölgun síðari alda ekki hafa nægt til að byggðin þendist út að nýju. Fjölmörg bæjarstæði sem völ var á og höfðu verið nýtt á miðöldum voru aldrei tekin í notkun að nýju. Ekki er heldur um að ræða að byggðin hafi á fjórtándu öld verið komin að einhverjum þolmörkum hvað varðar álag á vistkerfi. Smábýli eins og Kotakot verður að skoða í

68 Sjá t.d. Páll Briem, „Fjenaðartíund,“ *Lögfræðingur* 1, nr. 1 (1897): 103–122; *Íslenskur söguatlas* 1. bindi, ritstj. Árni Daniel Júlíusson, Helgi Skúli Kjartansson og Jón Ólafur Ísberg (Reykjavík: Íðunn, 1991), 70–71; Vef. Gísli Gunnarsson, „Hversu stór er einingin hundrað, sem notuð var um stærð jarða?“ *Vísindavefurinn*, 2. apríl 2002, sótt 21. september 2024.

69 Frekari rannsókna á samhengi gamallrar eyðibýlabyggðar og hjáleigna sautjándu aldar er þörf í þessu samhengi.

samhengi við býlin í kring, samhengi félagskerfisins almennt — hugsanlegt er að slíkt býli hafi fyrst og fremst verið í ábúð hjóna sem voru nýgift með fá börn — og ekki er ólíklegt að bóndinn í Kotakoti hafi fengið að slá sér úthey á Hverhóli, þar sem eru miklar og grösugar engjar.

Eins og fram kom í upphafi virðist mega skoða byggð á hjáleigum árnýaldar út frá stöðu þeirra í félagskerfinu almennt. Fjölskyldur á hjáleigum urðu síðar fjölskyldur á lögbýlum. Sveitahjáleigur og lögbýli mynduðu þannig heild eða samfélag. Utan þess voru helst sjávarbyggðahjáleigur og höfuðból.

Rannsóknir á ensku miðaldasamfélagi hafa sýnt að staða kvenna á Englandi var mismunandi eftir framleiðslufyrirkomulagi. Þar sem kornrækt var ríkjandi með lítilli kvikfjárrækt giftust konur snemma og eignuðust börn snemma. Þar voru vinnukonur aðeins á um 15% heimila. Síðbúin gifting var hins vegar einkenni svæða með mikilli kvikfjárrækt og iðnaði sem byggðist á henni, vefnaði og úrvinnslu mjólkurafurða. Þar var hlutfall heimila með vinnukonur miklu hærra. Það voru einmitt konur sem stýrðu og unnu við slíka framleiðslu á heimilinu.⁷⁰

Sterk staða kvenna í framleiðslukerfinu var einmitt einkenni íslenskrar framleiðslu á sveitaheimilum svo langt aftur sem ritaðar heimildir um framleiðslu ná. Mikil þörf var á vinnuaflí kvenna í slíku kerfi, því konur á aldrinum 15–25 ára unnu sem vinnukonur við vefnað og mjólkurvinnslu, í seljum og annars staðar.⁷¹ Það hefur mjög stuðlað að því að viðhalda fjölskyldugerð þar sem konur giftust seint og eignuðust börn seint. Þannig sáu innri þarfir innan- og utangarðskerfisins til þess að vestur-evrópska fjölskyldugerðin hélst við hér á landi. Lítill eða enginn vafi er á því að þetta kerfi hefur náð út í ystu anga byggðarinnar á fjórtándu öld, smábýlin sem síðar fóru varanlega í eyði.

Varðandi stéttagerð á gömlum eyðibýlum er svipað að segja. Ekki verður annað séð en að þjóðfélagsstaða bænda og bændakvenna á hjáleigum miðalda hafi verið svipuð og leiguliða á lögbýlum miðalda. Þar skipti mestu máli að býli á sveitahjáleigu var að svo miklu

70 P. J. P. Goldberg, *Women, Work and Life Cycle in a Medieval Economy: Women in York and Yorkshire, c. 1300–1520* (Oxford: Clarendon Press, 1992), 141, 161–168.

71 Helgi Þorláksson, *Vaðmál og verðlag; Búalög um verðlag og allskonar venjur í viðskiptum og búskap á Íslandi II* (Reykjavík: Sögufélag, 1915), 13–31.

leyti sjálfu sér nægt hvað varðaði hráefni og úrvinnslu þeirra í vefnaði og mjólkurafurðum, alveg eins og býli á lögbýlum.

Sú venja að bændur á lögbýlum máttu leigja út frá sér virðist vera snemma komin til. Hugsanlega átti hún upphaf sitt á býlum þar sem bændur á jörð voru einnig eigendur. Svo virðist sem bændur á leigujörðum hafi átt mikinn rétt í samfélaginu, samanber ákvæði Grágásar um rétt annarra en landeigenda til setu í hreppstjórnnum.⁷² Líklega hafa landeigendur að minnsta kosti ekki sett sig á móti framleigu leiguliða á miðöldum og á árnýöld var aldrei amast við þessari venju af hálfu landeigenda.

Mat á byggðarhámarki

Byggðarhámark fjórtándu aldar verður að meta út frá fjölda lögbýla⁷³ og hjáleigna. Það er gert í töflu 9 fyrir þau svæði sem skoðuð hafa verið í þessari grein, Svarfaðardal, Hörgárdal, Hjaltastaðapinghá, Villingaholtshrepp, Hraungerðishrepp, Hvalfjarðarströnd og Mela-sveit. Í töflu 9 er gert ráð fyrir því að allar sautjándu aldar hjáleigur hafi líka verið í byggð á fjórtándu öld. Þá er bætt við áætlun um fjölda hjáleigna sem féllu varanlega í eyði við Svartadauða, og er hún byggð á fornleifaskráningu og niðurstöðum rannsókna á aldri eyðibýla frá miðöldum. Niðurstaðan er sú að alls hafi verið um 520 býli í byggð á þessum svæðum á fjórtándu öld. Á sautjándu öld hafi mest verið í byggð 410 býli á þessum sömu svæðum. Munurinn er talsverður, eða um 20% meiri byggð á fjórtándu öld.

⁷² Grágás, 180.

⁷³ Íslandssagan í máli og myndum. Íslenskur söguatlas, ritstj. Árni Daníel Júlíusson og Jón Ólafur Ísberg (Reykjavík: Edda, 2005), 92–93. Lögbýli voru fleiri á fjórtándu öld en um 1700. Að meðaltali voru þau rúmlega 8% fleiri, þannig að þeim fjölda mætti bæta við tölu lögbýla í töflunni að ofan. Þau yrðu þá 305 en ekki 282.

Tafla 9. Mat á byggð við byggðahámark fjórtánu aldar á fjórum svæðum

Hreppur	Fjöldi lögbýla 1703	Líklegur fjöldi hjáleigna í byggð um 1670	Miðaldaldr eyðibýli skv. fornleifa- skráningu	Fjöldi sveitabýla við byggðahámark á fjórtánu öld, lausleg áætlun
Svarfaðardalshreppur	80	22	37	130
Hvammshreppur	26	5	11	40
Skriðuhreppur	44	14	29	75
Alls	150	41	77	245
Hjaltastaðabínghá	22	[10]	26	50
Villingaholtshreppur	27	16	12	50
Hraungerðishreppur	22	26	15	60
Alls	49	42	27	110
Hvalfjarðarstrandarhreppur	27	9	11	45
Skilmannahreppur	15	5	8	25
Leirár- og Melasveit	21	21	9	45
Sveitir sunnan				
Skarðsheiðar alls	63	35	28	115
Heildartala	282	128	158	520

Byggt á töflum 3 og 4, Jarðabók Árna og Páls og fornleifaskráningu á viðkomandi svæðum.

Niðurstöður

Hér hefur verið fjallað um eyðibygð í tilteknum landshlutum til þess að reyna að meta umfang byggðar á síðari hluta miðalda. Til þessa verks hefur verið rýnt í skráningu eyðibýla í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, og hún borin kerfisbundið saman við fornleifaskráningar undanfarinna áratuga. Metið var hvernig skráning Árna og Páls var miðað við nútíma fornleifaskráningu. Í ljós kom að allt að þrefalt fleiri eyðibýli voru skráð í fornleifaskráningu en í Jarðabókinni. Einnig var reynt að finna tímasetningu á aldri þessarar eyðibygðar. Tvær leiðir voru notaðar til þess, annars vegar að skoða hvað er sagt um einstök eyðibýli í fornleifaskráningu, en þar er tekið fram hvort til eru ritheimildir um byggð á eyðibýlum frá árnýöld. Ef engar slíkar heimildir eru til eykur það líkurnar á því að viðkomandi eyðiból sé frá eldri tíma. Hins vegar voru tímasetningar úr fornleifarannsóknnum á eyðibýlum athugaðar, og reyndust öll þau eyðibýli sem athuguð voru vera reist á miðöldum. Sum þeirra byggðust snemma upp, á tíundu öld, en fóru fljótt í eyði aftur. Meirihluti býla af þessu tagi reis síðar, á elleftu, tólftu, þrettándu og jafnvel fjórtándu öld. Ólíklegt er að mikið hafi byggst upp af nýjum hjáleigum á fimmtándu og sextándu öld út af áhrifum Svartadauða. Þær hjáleigur sem þá hafa byggst upp hafa verið eldri hjáleigur sem lágu í eyði eftir Svartadauða.

Þá er mikilvægt að reyna að átta sig á eðli þessarar byggðar, hvers konar býli var um að ræða. Voru þetta býli af svipuðu tagi og síðari tíma hjáleigur, eða ef til vill einhver önnur tegund býla sem svo hvarf úr sögunni? Hvert er sambengi fornrar eyðibygðar og síðari tíma byggðar? Svo virðist sem meginhluti þeirra býla sem athuguð voru hafi verið sveitabýli með kýr, kindur og túnrækt. Nær alltaf var túngarður á býlinu utan um tún. Þetta líkist mjög síðari tíma sveitahjáleigum, sem voru í flestu tilliti mjög svipaðar litlum eða jafnvel meðalstórum lögbýlum, bæði hvað varðaði áhöfn og rekstur.

Samhengið milli fornrar byggðar og eldri byggðar var rofið við Svartadauða að því leyti að byggð dróst verulega saman. Svo virðist hins vegar sem þær tegundir býla sem þekktar voru á síðari öldum og koma fyrst skýrt fram í Jarðabók Árna og Páls hafi allar verið fyrir hendi á miðöldum. Sú ályktun sem dregin verður af athuguninni er að lægst setti parturinn af byggðinni, ef svo má að orði komast, litlar og fátækar hjáleigur á hlutfallslega lélegu landi, hafi horfið úr sögunni um 1400.

Óhætt er að taka undir orð Ólafs Lárussonar, þess sem fyrstur reyndi að átta sig á upphaflegri hjáleigubýggð, um að þegar hjáleigurnar byggðust, hafi komið til nýrrar og stórfenglegrar skiptingar á jörðum landsins. Svo virðist að sú skipting hafi átt sér stað á tímabilinu 1100–1400, og má ef til vill flokka hana undir nýja tegund af innra landnámi.

Abstract

ÁRNI DANÍEL JÚLÍUSSON

ABANDONED FARMS, OR MEDIEVAL SUBTENANCIES? THE STATUS AND SPREAD OF SUBTENANCY IN THE MIDDLE AGES

The *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, a historical register of all of the inhabited farms in Iceland, also includes records for a large number of deserted farms, although few studies have taken the latter into account. This article focuses on the origins and desertion of these farms and compares the *Jarðabók* records with modern archaeological ones. Furthermore, it poses the question as to whether these deserted farms could have been medieval subtenancies.

Research into Icelandic subtenancies during the Middle Ages began in the twentieth century when the *Jarðabók* became available in print. Early scholarly ideas about the topic were not based on medieval sources, but were deductions based on eighteenth- and nineteenth-century registers; the assumption was made that a subtenancy was a small farmstead that was sublet from another larger farm. Another assumption was that the peasantry on subtenancies had a similar social position as peasants who held full tenancies of their own. This was further clarified by a recent examination of the rich early eighteenth-century historical record, where a distinction can be found between, on the one hand, subtenancies in rural areas that are similar to other larger rural farms in terms of livestock composition, economic status, social structure and culture; and, on the other hand, coastal subtenancies, mostly in the south and west, which generally supported only one or two cows but otherwise relied on fishing. A further observation was that few subtenancies were likely to have been inhabited after the plague in 1402–1404.

Research on medieval sources has identified several mentions of subtenancies, especially in the fourteenth century, which supports the view that subtenancies did exist at that time. However, comparing the written accounts of tenancies to those of subtenancies is revealing: in many areas, fourteenth-century tenancy records are nearly exhaustive, while there is scant written evidence of subtenancies. Thousands of names of tenancies are listed in contemporaneous medieval sources compared to only a few dozen named subtenancies.

Comparisons between the *Jarðabók* and archaeological records from the twentieth and twenty-first centuries shows, not surprisingly, that the *Jarðabók* register

only accounts for about a third of the extant deserted farms. There are high numbers of abandoned farms throughout the country, at the rate of about one for every two full tenancies or farms as surveyed in 1703; in eastern Iceland, the rate was higher, at about one deserted farm per tenancy.

The deserted farms under scrutiny are farms with no evidence of settlement after 1500. Based on tephrochronological analysis of earthen walls at the farmstead ruins, most of these farms seem to have been inhabited after 1104. Farms in Svarfaðardalur, which are taken as examples of deserted farms across the country, appear to have had hayfields, earthen walls that protected the hayfield from grazing during the summer, and a full range of buildings, including a residence for the peasant family and shelters for cows and ewes. The size and layout of hayfields on medieval farms resembled those of hayfields on small farms as they appeared on early twentieth-century hayfield maps, which documented hayfields before the modernisation of Icelandic agriculture.

The evidence suggests that the deserted farms from the Middle Ages were mostly rural subtenancies. They would have emerged as the Icelandic population grew during the medieval period, and they were probably preserved because after the Black Death in 1402–1404 the population never increased again to the extent that it became necessary to inhabit all the old farmsteads. The difference between the number of farms in the fourteenth century and in the seventeenth century in the areas analysed suggests that there was a 20% decrease in farms during this time.

Lykilhugtök: Fornbýli; eyðibýli; sveitahjáleiga; strandbyggðarhjáleiga; bændasamfélag

Keywords: Abandoned farms; deserted farms; rural subtenancy; coastal subtenancy; peasant society